



Skipverji slasast við fall

Mál nr.: **2025-019-S-011 Þórunn Þórðardóttir HF 300**

Dagsetning: **4. mars 2025**

Staðsetning: **NV af Færeyjum**

Atvik: **Skipverji fellur og slasast**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 4. mars 2025 hélt Þórunn Þórðardóttir sjó vegna veðurs 36 sm NV af Færeyjum en skipið var á leið til Íslands. Skipverji varð var við að tæki var á hreyfingu í tækjarými og hugðist binda það fast. Hann féll og handleggsbrotnaði. Veður var vestan 14 m/s og mikill sjór.

1. Helstu staðreyndir

Þórunn Þórðardóttir HF 300

Skipaskrár nr. 3045

Útgerð: Hafrannsóknastofnun

Smíðaður: Armon Spáni, 2025

Stærð: 2025 BT

Mesta lengd: 70,5 m

Breidd: 13,2 m

Vél: Indar Electric 1800 kW,
2023

Fjöldi skipverja: 13



2. Atvikalýsing

Skipverjinn sem slasaðist varð var við skarkala í einu af tækjarýmum skipsins. Í rýminu eru tölvur og prentarar. Einn prentaranna hafði losnað og var kominn á hreyfingu. Hann kallaði upp í brú eftir aðstoð við að festa hann niður. Á meðan hann beið eftir aðstoð hélt hann við tækið. Skipið fékk hins vegar á sig hnút á sama tíma með þeim afleiðingum að skipverjinn kastaðist til og handleggsbrotnaði auk annarra minni áverka. Eftir samráð við Landhelgisgæslu Íslands var ákveðið að halda með hinn slasaða til Færeyja. Að læknið skoðun lokinni á sjúkrahúsi í Færeyjum fór hinn slasaði í aðgerð á Íslandi.

3. Niðurstöður og greining

Orsök slyssins var að skipið fékk á sig óvæntan hnút.

Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Kópavogi 12. febrúar 2026

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Jón Pétursson rannsóknarstjóri siglingasviðs.

